

Tónlistarskóli Stykkishólms

4. fundur skólanefndar 2012-2013

haldinn á skrifstofu skólastjóra 18. júní 2013 kl. 18:00.

Mætt voru: Þóra Margrét Birgisdóttir, Jósep Ó. Blöndal og Jóhanna Guðmundsdóttir skólastjóri sem ritaði fundargerð í fjarveru ritara, Eyðísar B. Eypórsdóttur.

1. Skýrsla skólastjóra
 2. Fjármál – skólagjöld 2013-2014
 3. Önnur mál
-

1. Skýrsla skólastjóra:

A) Yfirlit yfir vorönn

- Tónleikahald á vorönn var hefðbundið, en auk þess héldu lengra komnir nemendur, sem flestir stefndu á áfangapróf í vor, sérstaka tónleika 10. apríl. Auk þess hélt Halla Dís Hallfreðsdóttir próftónleika 12. maí í tengslum við framhaldspróf sitt í einsöng.
- **Nótan 2013:** Skólinn sendi þrjú tónlistaratriði á svæðistónleikana sem haldnir voru á Ísafirði 16. mars. Það voru þau Ísól Lilja Róbertsdóttir píanóleikari, gítartrío með þeim Aroni Alexander Þorvarðarsyni, Gauta Daðasyni og Jóni Glúmi Hólmgeirssyni og svo básúnuleikarinn Hrefna Rós Lárusdóttir með píanóleikaranum Berglindi Gunnarsdóttur. Gítartríóið og Hrefna Rós fengu sérstaka viðurkenningu og var Hrefna Rós valin sem eitt af þremur atriðum svæðisins til að fara á lokahátíðina í Hörpu 14. apríl.

- Ferðin vestur á Ísafjörð var farin í samstarfi við tónlistarskólana á Akranesi og í Borgarfirði. Skólarnir höfðu áður sótt um styrk til Menningarráðs Vesturlands vegna verkefnisins og fengið kr. 500.000, sem þeir skiptu bróðurlega á milli sín.

- Kostnaður skólans vegna þátttöku í Nótunni fór hátt í 400 þús. og kom styrkur MV ca. 190 þús. þar á móti. Þessi kostnaður er greiddur af rekstrarfé skólans án þess að gert hafi verið ráð fyrir honum í rekstraráætlun. Rætt var um þörfina á að reikna með kostnaði vegna þátttöku í þessari hátíð við gerð fjárhagsáætlana, sé vilji til að halda áfram þátttöku í henni, en skólanum okkar hefur jafnan gengið mjög vel og átt þar verðlaunahafa frá upphafi.

- **Próf í vor**
 - ◆ Heimapróf á hljóðfæri: 5 tóku 1. stig, 2 tóku 2. stig
 - ◆ Áfangapróf: 2 grunnpróf, 2 miðpróf, 1 framhaldspróf + próftónleikar
 - ◆ Tónfræðapróf: 5 nemendur luku samræmdu miðprófi, 8 tóku 1. stig og 7 nemendur tóku 1. stig.
- **Kennaramál**
 - ◆ Gunnar Þorgeirsson tréblásturskennari hættir. Í hans stað kemur Anette Markvoll í 80% starf.
 - ◆ Nokkrar umsóknir og fyrirspurnir hafa borist; frá 2 erl. gítarkennurum, 1 erl. trommukennara og 1 íslenskum fiðlukennara.

B) Skólaárið 2013-2014

- **Skóladagatali** var dreift og farið yfir plön sem samþykkt hafa verið á kennarafundi. Gert er ráð fyrir 35 kennsluvikum eins og undanfarin ár. Reikna má með að skólastarfið litist mjög af 50 ára afmælisárinu 2014.
- **Umsóknir og kennsla:**

- ◆ Umsóknir sem hafa borsist nú eru 106

GSS = 84 FSN = 10 Fullorðnir = 11 Leiksk. = 1
 PNO = 26 GÍT = 20 TRÉ = 13 MÁLM = 18
 SÖNG = 6 BLFL = 9 TROM = 14

Líta þarf sérstaklega á fjölda umsókna á trommur, en trommukennari er einungis í 50% starfi og þessi fjöldi umsókna rúmast ekki innan þess starfshlutfalls.

- ◆ Samkensla var reynd vorönn með ungum gítar- og trommunemendum og gafst nokkuð vel. Haldið verður áfram að þróa það fyrirkomulag.
- ◆ Hóptímar í tónfræðum verða eflidir og meðal nemenda sem komnir eru á miðstig eða lengra er áætlað að efla kennslu í tónheyrn, hljómfraeði, sögu, hlustun og greiningu. Einnig er áhugi að bjóða upp á kórstarf sem valgrein og e.t.v. opna kórstarfið fyrir börnum sem ekki eru í hljóðfæranámi gegn einhverju gjaldi.
- ◆ Samstarf við FSn um tónfræðakennslu hefur ekki verið rætt nýlega, en stórsveitin starfar af krafti m.a. með þátttöku nemenda héðan.
- **Lúðrasveitarstarfið**
 - ◆ Á næsta ári fagnar lúðrasveitin 70 ára afmæli sínu með ýmsu móti. Afmælistónleikar hafa verið ákveðnir á sumardaginn fyrsta.
 - ◆ Landsmót SÍSL verður haldið í Stykkishólmi 4.-6. apríl í góðu samstarfi foreldrafélagið og aðra bæjarbúa
 - ◆ Trommusveit starfar af krafti og hefur sett svip sinn á skólastarfið og bæjarlífið. Hefur hún oft verið beðin um að troða upp úti í bæ og á Snæfellsnesi við hin ýmsu tilefni.

2. Fjármál - Skólagjöld næsta skólaár

- **Skýrslur til Jöfnunarsjóðs** hafa verið sendar bæði vegna kennslu liðins starfsárs og einnig vegna áætlaðrar kennslu næsta starfsárs.
- **Hækkun skólagjalda** – Útgáfa gjaldskrár bíður afgreiðslu. Skólastjóri lagði fram töflu með samanburði við skólagjöld skóla í nágrenninu sem skólinn vill bera sig saman við. Skólanefndin samþykkti að mæla með að gjaldskrá skólans hækki um 4% næsta skólaár.

3. Önnur mál

- **Húsnæðismál – endurbætur/úrbætur.** - Skólastjóri sagði frá málum sem eru í umræðu og/eða í gangi:
 - ◆ Verið er að mála ganga skólans.
 - ◆ Nú er orðið nauðsynlegt að útbúin verði vel hljóðeinangruð aðstaða fyrir slagverkskennslu. Verið er að skoða hugmyndir sem kennarar skólans hafa teiknað og reiknað. Málið er í skoðun hjá bæjarstjóra og umsjónarmanni fasteigna bæjarins. - Skólanefndin hvetur til þess að þetta mál fái farsæla afgreiðslu enda er slagverkskennslan komin til að vera og brýnt að búa henni viðunandi aðstæður.
 - ◆ Vonir standa til að unnt verði að endurbæta sal skólans með gerð palls við enda salarins, uppsetningu ljósakerfis og hljóðkerfis ásamt því að bæta hljóðvistina þar. Skólanefndin hvetur til þess að farið verði í þessar endurbætur. Þar með hljóti salurinn margfalt meira notagildi auk þess að efla aðstöðu skólans til tónleikahalds og kennslu.
 - ◆ Óskað hefur verið eftir því að „serverinn“ sem hýstur er í ljósritunarherbergi skólans ásamt fleiri tækjum tengdum tölvuútgæru bæjarins verði einangraður þar sem hljóðmengun frá honum er mikil.
 - ◆ Einnig standa vonir til þess að gamla skrifstofa skólastjórans (á efri hæðinni) verði tæmd og afhent foreldrafélagi lúðrasveitarinnar undir búninga og ýmsa aðra muni.

- **Staða tölvu- og tækjamála** - Rætt var um þarfir á uppfærslu tölvu- og tækjamála kennara og kennslustofa.
- **Minningartónleikar um Hafstein Sigurðsson** hafa verið í umræðunni frá því skömmu eftir að hann lést. Nú hafa kennarar skólans rætt um að stefna e.t.v. á 14. nóv. 2013. Þeir hafa tilnefnt Martin Markvöll og Jóhönnu Guðmundsdóttur sem sína fulltrúa til samráðs við aðra þá sem hefðu áhuga á að taka þátt í þeim.
- **Afmælisárið 2014** - Stuttlega voru ræddar ýmsar hugmyndir um viðburði sem gaman væri að brydda upp á í tilefni af afmælisárinu. T.d. að tengja þá við „gamla“ nemendur skólans og tónlistarferil þeirra.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 19:20.

Jóhanna Guðmundsdóttir fundarritari

Úr skóladagatali:

16. mars	Svæðistónleikar Nótunnar 2013 á Ísafirði (farið af stað 15. mars)
9. apríl (þri)	Miðpróf í tónfræðum (5 þeyttu prófið)
10. apríl (miðv)	Tónleikar lengra kominna nemenda í kirkjunni kl. 20:00
14. apríl (sun)	Nótan 2013 – lokatónleikar í Hörpu/Eldborg
18. apríl (fim)	LL heimsækir leikskólann
19.-20. apríl	Gítarhelgi – æfingabúðir m/Reykjanesbæ og Tónskóla Sigursveins
23. apríl	Áfangapróf – prófanefnd (2 grunnpróf, 2 miðpróf, 1 framhaldspr. + tónl.)
25. apríl	Aðalfundur SÍSL (Martin kosinn í varastjórn)
29. apr.-3. maí	VORPRÓF
6.-8. maí	VORTÓNLEIKAVIKA (5 tónleikar)
9. maí (fim)	Vortónleikar Lúðrasveitar Stykkishólms kl. 17:00 (Uppstigningardag)
10. maí	Ungir gítarnemendur og blokkfl.nem. heimsækja leikskólann. (LP og Gþ)
16. maí (fim.)	SKÓLASLIT í Stykkishólmskirkju kl. 18:00
21.-23. maí	STARFSDAGAR - FRÁGANGUR

20.-23. ágúst	Starfsdagar og töflugerð
26. ágúst	Kennsla hefst á haustönn.

Lúðrasveitin:

25.-26. maí	Heimsókn frá Skólalúðrasveit Tónlsk. á Seltjarnarnesi. – Tónleikar á sun.
1. júní (lau)	Þvottadagur
2. júní (sun)	Sjómannadagurinn + heimsókn Lúðrasveitar verkalýðsins
17. júní (mán)	Þjóðhátíðardagurinn

4.-6. apríl 2014	Landsmót SÍSL, B-sveitir – í Stykkishólmi
23. apríl 2014	Afælistónleikar - Lúðrasveit Stykkishólms 70 ára (sumard. fyrsta)